

Borgarráð

Afgreiðslubréf - Nýsköpunarvika - framlag Reykjavíkurborgar

Á fundi forsætisnefndar þann 14. október 2022 var svohljóðandi tillaga forseta borgarstjórnar, dags. 12. október 2022, ásamt fylgiskjöllum samþykkt:

Lagt er til að forsætisnefnd samþykki að styrkja Iceland Innovation Week (IIW) um 2,5 m.kr. næstu tvö ár (2023 og 2024) og taki auk þess virkan þátt í hátíðinni sem og Nordic Startup Awards með vísan til samþykktar borgarráðs þann 6. maí 2021 um að gerast einn af burðarstólpum hátíðarinnar 2021-2023. Auk fjárframlags er lagt til að samþykkt verði að Reykjavíkurborg leggi til húsnæði fyrir móttöku með þeim sem tilnefndir eru til Nordic Startup Awards og samstarfsaðilum hátíðarinnar, aðstoði við markaðssetningu á kynningarsvæðum og miðlum sínum og nýti hátíðina sem vettvang til samræðna, samstarfs og kynningar á eigin nýsköpunarverkefnum. Kostnaður verður færður af kostnaðarstað 09207.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Tillagan er send borgarráði til staðfestingar.



Virðingarfyllst,
Bjarni Þóroddsson
Skrifstofa borgarstjórnar

Samrit:

Tillaga forseta borgarstjórnar, dags. 12. október 2022, ásamt fylgiskjöllum

Forsætisnefnd

Styrkur vegna Iceland Innovation Week

Lagt er til að forsætisnefnd samþykki að styrkji Iceland Innovation Week (IIW) um 2,5 m.kr. næstu tvö ár (2023 og 2024) og taki auk þess virkan þátt í hátíðinni sem og Nordic Startup Awards m.v. til samþykktar borgarráðs þann 6. maí 2021 að gerast einn af burðarstólpum hátíðarinnar 2021-2023. Auk fjárframlags er lagt til að samþykkt verði að Reykjavíkurborg leggi til húsnæði fyrir móttöku með þeim sem tilnefndir eru til Nordic Startup Awards og samstarfsaðilum hátíðarinnar, aðstoði við markaðssetningu á kynningarsvæðum og miðlum sínum og nýti hátíðina sem vettvang til samræðna, samstarfs og kynningar á eigin nýsköpunarverkefnum. Kostnaður verður færður af kostnaðarstað 09207

Greinargerð:

Vísað er til meðfylgjandi minnisblaðs skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 11. október sl. þar sem fram kemur að atvinnu- og borgarþróunarteymi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara muni halda utan um þátttöku borgarinnar í Iceland Innovation Week og Nordic Startup Awards í samvinnu við fulltrúa frá sviðum og ráðum borgarinnar.

Þessi vinnuhópur borgarinnar mun í tengslum við Iceland Innovation Week sækjast eftir að nýta möguleg tækifæri sem bjóðast í tengslum við hátíðarhöldin sem styðja við innleiðingu nýrrar atvinnu- og nýsköpunarstefnu, efla samtal og þjónustu við atvinnulífið og tryggja fleiri og fjölbreyttari stoðir verðmætasköpunar í borginni.

Lagt er til að fjárframlag borgarinnar til hátíðarinnar árið 2023 verði það sama og fyrir árið 2022 eða 2,5 m.kr. en Reykjavíkurborg styrkti viðburðinn með 1 m.kr. bæði árið 2021 og 2020.

Auk fjárframlags er lagt til að Reykjavíkurborg:Leggi til húsnæði fyrir hátíðarkokteil með þeim sem tilnefndir eru til Nordic Startup Awards og samstarfsaðilum hátíðarinnar þriðjudaginn 23. maí 2023. Boðskort yrðu send út í nafni borgarinnar og Iceland Innovation Week. Einnig skal Reykjavíkurborg aðstoða við markaðssetningu með því að vekja athygli á hátíðinni á sínum kynningarsvæðum og miðlum og nýta hátíðina sem vettvang til samræðna, samstarfs og kynningar á eigin nýsköpunarverkefnum, hvort sem er á milli ólíkra sviða borgarinnar eða út á við.

Atvinnu- og borgarþróunarteymi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara mun halda utan um þátttöku borgarinnar í Iceland Innovation Week og Nordic Startup Awards í samvinnu við fulltrúa frá sviðum og ráðum borgarinnar. Þessi vinnuhópur borgarinnar mun í tengslum við Iceland Innovation Week sækjast eftir að nýta möguleg tækifæri sem bjóðast í tengslum við hátíðarhöldin sem styðja við innleiðingu nýrrar Atvinnu- og Nýsköpunarstefnu, efla samtal og þjónustu við atvinnulífið og tryggja fleiri og fjölbreyttari stoðir verðmætasköpunar í borginni.

Verði tillagan samþykkt skal vísa henni til staðfestingar borgarráðs.



Reykjavíkurborg

forseti borgarstjórnar

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Forsætisnefnd

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Nýsköpunarvikan er hátíð sem verður haldin dagana 22. maí – 26. maí 2023. Á Nýsköpunarvikunni gefst fyrirtækjum og frumkvöðlum kostur á að standa fyrir nýsköpunartengdum viðburðum, fyrirlestrum og uppákomum með margs konar snertiflötum. Þannig eykst aðgengi og sýnileiki nýsköpunar þvert á atvinnugreinar og fyrirtæki og frumkvöðlar fá tækifæri til að deila mikilvægri þekkingu. Hátíðin veur jafnframt athygli á Reykjavíkurborg sem nýsköpunarborg, laðar til sín fjármagn, fjárfesta og erlenda sérfræðinga á sviði nýsköpunar og grænna lausna og skapar samlegðaráhrif með öðrum verkefnum líkt og Reykjavík Science City.

Framtíðarsýnin er að innan fimm ára verði hátíðin á pari við aðrar sprotahátíðir á Norðurlöndum þegar kemur að fjölda gesta, alþjóðlegur markaðsgluggi íslenskra frumkvöðla og tengibrú milli bandaríska og evrópska nýsköpunar umhverfisins. Innan tíu ára er ætlunin að hátíðin verði orðin einn mikilvægasti snertiflötur íslenskra frumkvöðla við alþjóðlegt fjármagn og að Reykvíkingar geti notið framúrskarandi viðburða sem snúa að hugviti og framþróun í nærumhverfi sínu. Þá er ætlunin að loftslagsviðburður hátíðarinnar hafi fest sig í sessi sem miðpunktur umræðna um loftslagsmál og grænar lausnir út frá sjónarhorni frumkvöðla og nýsköpunar.

2022 var um 75% af fjármagni IIW sótt frá einkaaðilum og 25% kom frá opinberum aðilum. Óskað hefur verið eftir að Reykjavíkurborg verði einn af burðarstólpum hátíðarinnar líkt og síðustu ár en leggi til frekara fjármagn svo hægt sé styrkja grunnstoðir hátíðarinnar sem snúa að skipulagningu, viðburðastjórnun, samskiptum við erlenda gesti, tengslamyndun og markaðssetningu. Systurhátíðir á Norðurlöndum eru Oslo Innovation Week, Stockholm Tech Week og Copenhagen Fintech Week sem allar fá fjárstuðning frá borgaryfirvöldum til að standa straum af kostnaði og gera viðburðina að veruleika. Stjórnendur Iceland Innovation Week (IIW) óska eftir að IIW verði sett á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar og fái árlegt framlag upp á 10.000.000 kr.

Fyrir Reykjavíkurborg er hátíðin góður vettvangur til að ná utan um þau fjölmörgu nýskapandi verkefni sem eru í gangi innan mismunandi sviða borgarinnar og miðla því til íbúa, atvinnulíffisins og frumkvöðla hér og landi sem og erlendis. Í gegnum hátíðina og undirbúning hennar hefur borgin aðgang að sérfræðingum á sviði nýsköpunar m.a. til að halda innri nýsköpunardag til að efla nýsköpunarmenningu. Teymi hátíðarinnar býr yfir mikilli þekkingu á nýsköpunarsamfélaginu og hefur tengingar við frumkvöðla og fyrirtæki sem borgin getur nýtt til að koma sínum verkefnum og skilaboðum á framfæri.

Virðingarfyllst,
Hulda Hallgrímsdóttir
skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hjálagt:

1. Erindi móttakið frá Iceland Innovation Week
2. Drög að samningi

// Erindi til Borgarráðs



**iceland
innovation
week.**

Iceland Innovation Week (IIW) er hátíð sem haldin verður í fjórða sinn 22.-26. maí 2023. Á hátíðinni gefst fyrirtækjum og frumkvöðlum kostur á að standa fyrir nýsköpunartengdum viðburðum, fyrirlestrum og uppákomum með margs konar snertiflötum. Þannig eykst aðgengi og sýnileiki nýsköpunar þvert á atvinnugreinar og fyrirtæki og frumkvöðlar fá tækifæri til að deila mikilvægri þekkingu. Hátíðin vekur jafnframt athygli á Reykjavíkurborg sem nýsköpunarborg, laðar til sín fjármagn, fjárfesta og erlenda sérfræðinga á sviði nýsköpunar og grænna lausna og skapar samlegðaráhrif með öðrum verkefnum líkt og Reykjavík Science City.

Framtíðarsýnin er að innan fimm ára verði hátíðin á pari við aðrar sprotahátíðir á Norðurlöndum þegar kemur að fjölda gesta, alþjóðlegur markaðsgluggi íslenskra frumkvöðla og tengibrú milli bandaríska og evrópska nýsköpunar umhverfisins. Innan tíu ára er ætlunin að hátíðin verði orðin einn mikilvægasti snertiflötur íslenskra frumkvöðla við alþjóðlegt fjármagn og að Reykvíkingar geti notið framúrskarandi viðburða sem snúa að hugviti og framþróun í nærumhverfi sínu. Þá er ætlunin að loftslagsviðburður hátíðarinnar hafi fest sig í sessi sem miðpunktur umræðna um loftslagsmál og grænar lausnir út frá sjónarhorni frumkvöðla og nýsköpunar.


Iceland Innovation Week 2022

Samtals sóttu rúmlega 3500 gestir viðburði hátíðarinnar í maí síðastliðnum. Um 200 erlendir gestir komu til landsins, þar af fulltrúar frá 35 erlendum fjárfestingasjóðum. Hátíðin átti í samstarfi við rúmlega 70 fyrirtæki sem samtals stóðu fyrir rúmlega 100 viðburðum. Í samstarfi við Íslandsstofu voru skipulagðar tvær sendiferðir, annarsvegar sendiferð þar sem fulltrúar frá erlendum fjölmiðlum komu til landsins gagngert í tengslum við hátíðina og hinsvegar sendiferð erlendra fjárfesta.

Iceland Innovation Week 2023

Iceland Innovation Week fer fram 22.-26. maí 2023. Festivalpassi veitir aðgang að ráðstefnuþegi í Grósku, loftslagsviðburðinum Ok, bye, verðlaunaafhendingu Nordic Startup Awards í Hörpu og nýju tengslamyndunartóli hátíðarinnar. Gert er ráð fyrir um 600 erlendum gestum í tengslum við helstu viðburði hátíðarinnar á næsta ári. Auk þess verða rúmlega hundrað aðrir viðburðir á dagskrá sem samstarfsaðilar standa fyrir. Þeir viðburðir fara fram út um alla borg, eru fríir og öllum aðgengilegir.

// the festival where icelandic innovation meets the rest of the world



**iceland
innovation
week.**

Fjármögnun


Á síðasta ári var um 75% af fjármagni IIW sótt frá einkaaðilum og 25% kom frá opinberum aðilum. Lagt er til að Reykjavíkurborg verði einn af burðarstólpum hátíðarinnar líkt og síðustu ár en leggi til frekara fjármagn svo hægt sé styrkja grunnstoðir hátíðarinnar sem snúa að skipulagningu, viðburðastjórnun, samskiptum við erlenda gesti, tengslamyndun og markaðssetningu. Systurhátíðir okkar á Norðurlöndum líkt og Oslo Innovation Week, Stockholm Tech Week og Copenhagen Fintech Week fá allar fjárstuðning frá borgaryfirvöldum til að standa straum af kostnaði og gera viðburðina að veruleika.

Lagt er til að framlag Reykjavíkurborgar verði eftirfarandi:

- Að Iceland Innovation Week (IIW) verði sett á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar og fái árlegt framlag upp á 10.000.000kr til næstu þriggja ára svo hægt sé að byggja hátíðina upp líkt og aðrar borgarhátíðir. Hátíðin aðgreinir sig frá öðrum borgarhátíðum að því leyti að hún einskorðast ekki við eina atvinnugrein heldur liggur þvert á öll svið borgarinnar og talar beint inn í atvinnulífið
- Að Reykjavíkurborg leggi til húsnæði fyrir hátíðarkokteil með þeim sem tilnefndir eru til Nordic Startup Awards og samstarfsaðilum hátíðarinnar þriðjudaginn 23. maí 2023. Boðskort yrðu send út í nafni borgarinnar og IIW
- Að Reykjavíkurborg aðstoði við markaðssetningu með því að vekja athygli á hátíðinni á sínum kynningarsvæðum og miðlum
- Að Reykjavíkurborg nýti hátíðina sem vettvang til samræðna, samstarfs og kynningar á eigin nýsköpunarverkefnum, hvort sem er á milli ólíkra sviða borgarinnar eða út á við

Dæmi um þátttöku Reykjavíkurborgar

- Hátíðardagskrá í ráðhúsinu, mögulegur vettvangur til að kynna eða halda vinnustofur tengdar Atvinnu- og nýsköpunarstefnunni eða Græna planinu
- Hverju sviði yrði úthlutaður ákveðinn dagur vikunnar með tilheyrandi þema
- Innri nýsköpunardagur borgarinnar (vinnusmiðjur, hakaþon, erindi o.fl)
- Borgin myndi leggja til sérfræðing í pallborðsumræður á Grósku deginum 23. maí eða annarskonar sérsniðna viðburði á vegum hátíðarinnar
- Borgarstjóra yrði boðið að taka þátt í Ok, bye loftslagsviðburðinum í Hörpu
- Ýmsir erlendir sérfræðingar eru væntanlegir til landsins í tengslum við hátíðina sem Reykjavíkurborg gæti haft hag af því að hitta og hægt væri að nýta í dagskrá og efla þekkingu starfsfólks



Að Iceland Innovation Week standa stjórnendur rmeð yfirgripsmikla þekkingu á nýsköpunarsamfélaginu bæði hér á landi og erlendis. Melkorka Sigríður Magnúsdóttir og Edda Konráðsdóttir hafa stýrt frumkvöðlaverkefnum, s.s hröðlum, sendiferðum, fjármögnun, ráðgjöf og viðburðastjórnun bæði úr vinnu sinni hjá KLAK og gegnum sjálfstætt starfandi verkefni innan tæknigeirans og skapandi greina. Þrír aðrir starfsmenn starfa auk þess hjá hátíðinni, viðburðastýra, markaðs og kynningarstýra og alþjóðafulltrúi.

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, hér eftir nefnd Reykjavíkurborg og Iceland Innovation Week ehf. kt. 420620-2840, Bjargargötu 1, 101 Reykjavík, hér eftir nefnt Iceland Innovation Week, gera með sér eftirfarandi;

SAMSTARFSSAMNING

um stuðning við Iceland Innovation Week 2023-24

1. gr. Skilgreining verks

Reykjavíkurborg mun styðja Iceland Innovation Week 2023-2024. Reykjavíkurborg óskar með stuðningi sínum að auka aðgengi og sýnileika nýsköpunar þvert á atvinnugreinir auk þess sem markmiðið er að festa hátíðina í sessi til frambúðar í Reykjavík. Verðlaunahátíðin Nordic Startup Awards mun fara fram í Reykjavík í annað skipti á meðan á hátíðinni stendur.

Með samstarfssamningi þessum skuldbindur Iceland Innovation Week sig til að fylgja eftirfarandi samningsatriðum fyrir hátíðina 2023 og 2024:

- Firmamerki Reykjavíkurborgar verður sýnilegt á forsiðu Iceland Innovation Week.
- Fulltrúi Iceland Innovation Week tekur þátt í vinnuhópi Reykjavíkurborgar og aðstoðar við mótun og framkvæmd viðburða borgarinnar í tengslum við hátíðina.
- Reykjavíkurborg verður gerð skil á öllu útgefnu markaðsefni.
- Reykjavíkurborg getur skráð ótakmarkaða viðburði í viðburðadagatal.
- Viðburðum Reykjavíkurborgar verður komið á framfæri við fjölmiðla.
- Fjallað verður um viðburði Reykjavíkurborg á samfélagsmiðlum hátíðarinnar auk þess sem yfirtaka á samfélagsmiðlum í tengslum við stærri viðburði er möguleg.
- Reykjavíkurborg verður boðið að leggja til sérfræðing í málþing eða annarskonar sérniðna viðburði á vegum hátíðarinnar.
- Borginni gefst afnot af sameiginlegu kynningarefni hátíðarinnar, s.s. merki, dagskrá og plakötum.

2. gr. Fjárhagsskuldbindingar og greiðslur

Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að framfylgja eftirfarandi:

2.1. Reykjavíkurborg staðfestir þátttöku í Iceland Innovation Week og mun standa fyrir að minnsta kosti einum viðburði á hátíðinni eða koma að dagskránni á annan hátt.

2.2. Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að leggja fram stuðningsframlag að andvirði 2.500.000- kr. án vsk. Framlag samstarfsaðila greiðist eigi síðar en 20. mars 2023.

2.3. Reykjavíkurborg leggur til húsnæði fyrir einn viðburð í tengslum við hátíðina og aðstoði við markaðssetningu með því að vekja athygli á hátíðinni á sínum kynningarsvæðum og miðlum.

Greiðsla skal fara fram gegn framvísun reiknings. Reikningurinn skal stílaður á Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609. Nafn Iceland Innovation Week, kennitala og heimilisfang skal einnig koma fram á reikningi sem skal vera með fyrirfram prentuðu númeri. Reikningur sendist á: bokhald@reykjavik.is

3. gr. Samningstími

Samningurinn gildir frá undirritun og til Iceland Innovation Week 2024 er lokið.

4. gr. Ábyrgðaraðila og tengiliðir

Umsjón og eftirlit með framkvæmd samnings þessa annast skrifstofa borgarstjóra og borgarrítara hjá Reykjavíkurborg. Tengiliður samstarfsaðila er Hulda Hallgrímsdóttir og Melkorka Sigríður Magnúsdóttir f.h. Iceland Innovation Week.

5. gr. Vanefndir, fyrirvarar og uppsögn

Iceland Innovation Week skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði samnings þessa og samningsgagna. Vanefni hann þær, er samstarfsaðila heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum. Telji annar samstarfsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega.

- 5.1. Komi upp óviðráðanlegar ytri aðstæður áskilur Iceland Innovation Week sér rétt til að fresta hátíðinni.
- 5.2. Komi til þess að hátíðinni verði frestað skal hún samt sem áður fara fram á sama ári og helst þá stuðningsframlag óbreytt.
- 5.3. Finni samstarfsaðili sig knúinn til að aflýsa viðburði mun stuðningsframlagið haldast óbreytt.
- 5.4. Sjái Iceland Innovation Week sig knúna til að aflýsa vikunni alfarið verður framlag samstarfsaðila endurgreitt.

Rísi mál vegna efnda samningsins þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

6. gr. Trúnaður

Samningsaðilar skulu virða sem trúnaðarmál allar þær upplýsingar um starfsemi gagnaðila sem þeir kunna að öðlast við framkvæmd samnings þessa, enda séu þær ekki almennt þekktar eða hafi verið gerðar opinberar. Sama gildir um annað það sem aðilar verða áskynja um meðan á samstarfinu stendur eða það sem leynt skal fara samkvæmt lögum eða fyrirmælum Persónuverndar. Þagnarskyldan helst eftir samningslok.

7. gr. Framsal

Iceland Innovation Week er óheimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum án samþykkis verkkaupa. Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík XX. október 2023

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Iceland Innovation Week ehf.

Óli Örn Eiríksson

Melkorka Sigríður Magnúsdóttir